

Tilmæli 20/2019

Fyrri skjalsnúmer	A 1772/vekst
Afgreiðsla	Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin
Fylgiskjal/-skjöl	Nefndarálit um þingmannatillögu um Norðurlöndin sem forystusvæði á sviði sjálfbærs fiskeldis og bláa hagkerfisins (A 1772/vekst)

Norðurlöndin sem forystusvæði á sviði sjálfbærs fiskeldis og bláa hagkerfisins

Með vísan í 45. og 56. gr. Helsingforssamningsins samþykkti Norðurlandaráð hin 31. október 2019 eftirfarandi tilmæli að tillögu Norrænu hagvaxtar- og þróunarnefndarinnar.

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að hún stuðli að gerð sambærilegra stjórnækja og löggjöf í löndunum sem greiði fyrir samstarfi yfir landamæri um þarfir margra ólíkra atvinnugreina og samfélagslega hagkvæmra framkvæmda á sama landssvæði

að hún eigi frumkvæði að viðræðum við Norðurlöndin til að útbúa sameiginlegan umhverfisstaðal fyrir alla verðmætakeðjuna í fiskeldi og sameiginlegt stjórnkerfi til að þróa áfram fiskeldisgrein, sem getur útvegað matvæli og efnahagsleg verðmæti með ásættanlegu vistspori, sem styður innleiðingu sjálfbærnimarkmiða Sameinuðu þjóðanna

að hún eigi frumkvæði að kortlagningu á möguleikunum á að móta sameiginlega stefnu um bláa hagkerfið, sem nær til þeirra ólíku atvinnugreina og samfélagslegu hagsmuna sem málið varðar mest

að formennskuáætlunin sjái til þess að Norðurlöndin samræmi áform sín og aðgerðir á sem bestan hátt í samræmi við gildandi ESB-tilskipanir

Kaupmannahöfn, 6.nóvember 2019

Hans Wallmark

forseti Norðurlandaráðs

Britt Bohlin

framkvæmdastjóri Norðurlandaráðs